



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 5

Nóvember 1984

### ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð félagsins verður í  
félagsheimili Rafmagnsveitu  
Reykjavíkur við Elliðaár  
laugardaginn 17. nóv 1984. Húsið  
opnað kl 19:30.

Borðræða: Jónas Elíasson  
Miðar fást í verzluninni Rafvörur  
við Sundlaugaveg hjá Rósu Ísdal s.  
686411.

Skemmtinefndin

## ARSHÁTÍÐ

Nú er stundin runnin upp! Hin árlega hátíð JÖRFI verður haldin laugardaginn 17. nóv. og hefst með borðhaldi kl 20 - húsið opnar kl 19.30. Við flytjum okkur úr Snorrabæ eftir áraraðir og höldum út í náttúruna nánar tiltekið í Elliðarárdal í félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ræðumaður kvöldsins verður Jónas Elíasson. Hljómsveitin METALL leikur fyrir dansi mjög fjölbreytta músik. Brugðið verður á leik með ýmsum uppákomum. Miðaverði verður stillt í hóf, aðeins kr 1000 og verða miðar seldir í versluninni Rafvörur við Sundlaugaveg hjá Rósu Ísdal sími 686411. Þátttöku ber að tilkynna fyrir fimmtudaginn 15. nóv. Hvetjum við eldri og yngri félaga til að fjölmenna og hafa með sér góða skapið og skemmta sér og sínum fram eftir nóttu.

## JÖKULL 1984

Jökull 1984 er kominn út. Var hann eitt það síðasta sem náðist úr prentsmiðju fyrir verkfall. Nokkrum dögum síðar var hann borinn í pósti til þeirra félagsmanna sem greitt höfðu árgjaldið fyrir útkomu ritsins. Nokkrir hafa greitt síðan og er ráðgert að pósta þeim Jökul innan skamms.

## HAUSTFUNDI FRESTAÐ

Í októbermánuði var fyrirhugað að halda haustfund að venju. Vegna verkfalla var honum tvívegis frestað og er nú fyrirhugað að bíða með fund þar til fyrri hlutann í janúar.

## FERÐ Í ESJUFJÖLL SUMARIÐ 1984

Sunnudag einn síðla í júlí sl. lagði 11 manna hópur af stað frá Breiðárlóni áleiðis í Esjufjöll, sunnan til í Vatnajökli. Okkur sóttist ferðin vel, þótt smávegis tefði það ferðina að vera sífellt að hoppa yfir eða krækja fyrir sprungur, en það var ekki nema hluti af leiðinni sem það þurfti. Var gott að komast í skálann, sem virtist í þokkalegu ástandi. Að vísu voru listar að utan orðnir veðurbarðir og krossviður farinn að flagna og springa. Auk þess hallar skálinn örlítið, sennilega hefur undirstaða eitthvað sigið.

Kom okkur á óvart, að engir virðast hafa komið þarna síðan um páska, en eftir gestabók virðist frá upphafi hafa komið um 60 hópar í skálann. Þarna dvöldumst við svo um kyrrt í þrjá daga og voru veðurguðirnir okkur mjög hliðhollir og var tíminn óspart notaður til gönguferða. Gengum við m.a. á Lyngbrekkutind (Steinþórsfell) og var útsýni þaðan mjög gott. Farið var inn eftir Fossadalnum upp undir Snók, en þar virðist jökullinn nokkuð sprunginn. Sjálf Esjan freistaði okkar og fórum við sem leið liggur yfir Esjudalinn og upp í Esjubjörgin. Sáum við þá að þetta var mun lengri ganga en við höfðum reiknað með og skýjabólstrar voru af og til yfir hátoppi Esjunnar. Snérum við því til baka. Kvöldin notuðum við svo til að dytta að skálanum, listar málædir og hleðsla kringum skálann lagfærð.

Að morgni 5. dags var lagt af stað til byggða eftir mjög ánægjulega dvöl og erum við sannfærð um að þarna er veðursæld, það sást vel á hinum fjölbreytta gróðri, sem þarna er að finna. Væri óskandi að fleiri mættu njóta fegurðar og veðursældar Esjufjalla, alla vega verður ferðin okkur ógleymanleg. /JS

## JÖKLAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1984

Flestir jöklar hafa hropað, engin furða, leysing var afarmikil síðastliðið sumar. Tungnárjökull hjá Jökulheimum heldur áfram að hopa, nú í ár um 121 m. Síðujökull hefur hropað um 21 m að vestan en eystri hlurinn um 57 m. Jöklar á Norður- og Vesturlandi hafa hropað verulega t.d. Reykjafjarðarjökull á Ströndum um 52 m svo dæmi séu nefnd. Nokkrir jöklar hafa gengið lítilsháttar fram t.d. Nauthagajökull og Múlajökull, vesturhluti. Mesta athygli vekur Skeiðarárjökull. Að austan og vestan hefur hann rýrnað, en miðjökullinn bæði hækkað og gengið fram, 25 m. " Á miðju sumri tók hann að hækka í línu Skaftafell - Hvirfilsdalsskarð. Er það gerist hefur reynst eitt til eitt og hálf t ár í jökulhlaup, þetta gerðist þó ekki á undan óverunni í nóv.-des. í fyrra." heimild Ragnar Stefánsson, Skaftafelli.

Jöklamenn athugi: Úr Grímsvötnum lak um tíma árið 1983, lækkun í Grímsvötnum 25 til 30 m sbr. síðasta hefti Jökuls. Nú ættu Grímsvötn að hafa náð fyrri hæð aftur og vel það, en ekkert háhitavatn er enn komið í Skeiðará. Grímsvötn eru söm við sig. /S.Rist